

2011 nr. 90 23. júní**Lög um skeldýrarækt**

Tóku gildi 1. júlí 2011. Breytt með: L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), L. 157/2012 (tóku gildi 3. jan. 2013), L. 59/2013 (tóku gildi 1. júlí 2013), L. 88/2018 (tóku gildi 29. júní 2018).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

I. kafli. Markmið, gildissvið og skilgreiningar.**■ 1. gr. Markmið.**

□ Meginmarkmið laga þessara er að skapa skilyrði til ræktunar skeldýra, setja reglur um starfsemina og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Að auki stefna löggin að viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni og verndun náttúru við ræktun skeldýra.

■ 2. gr. Gildissvið.

□ Lög þessi taka til ræktunar skeldýra sem fram fer í söltu vatni á íslensku forráðasvæði. Ákvæði laganna gilda m.a. um skrápýr, möttuldýr og sæsnigla.

■ 3. gr. Skilgreiningar.

□ Í lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrir- mælum settum á grundvelli þeirra er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Eignarland*: Landsvæði, þ.m.t. innan netlaga í stöðu- vötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

2. *Framleiðslusvæði*: Sjávarsvæði, ármynni eða lón þar sem er að finna náttúruleg skeldýr eða svæði sem eru notuð til að rækta skeldýr og þaðan sem lifandi skeldýr eru tekin.

3. *Lindýr*: Hryggleysingjar með mjúkan, óliðskiptan líkama, sveipaðan möttli (kápu) (Mollusca).

4. *Mannvirki*: Hvers konar byggingar og búnaður sem er notaður við ræktun skeldýra.

5. *Netlög*: Sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöru- borði landareignar.

6. *Ræktunarsvæði*: Afmarkað svæði þar sem skeldýra- ræktarfyrirtæki ræktar skeldýr.

7. *Skeldýr*: Flokkur lindýra sem hefur um sig skel.

8. *Skeldýrarækt*: Ræktun skeldýra með skipulegri um- hirðu og vöktun á afmörkuðu svæði þar sem engin fóðrun á sér stað. Hluti af ræktun er einnig skipuleg söfnun og veiði á skeldýrum til áframhaldandi ræktunar.

9. *Skeldýraræktarstöð*: Ræktunarstaður skeldýra.

10. *Þörungaeitur*: Lífræn eiturefni sem samlokur safna í sig þegar þær nærast á þörungum sem innihalda slík efni (sjávarlífeitur).

II. kafli. Stjórnsýsla.**■ 4. gr. Stjórnsýsla.**

□ [Ráðherra]¹⁾ fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Matvælastofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Einnig hefur Fiskistofa eftirlit með veiðum skeldýra til áframhaldandi ræktunar, vigtun og skráningu sjávaraflla í samræmi við lög og stjórnvalds- fyrir- mæli sem gilda á hverjum tíma. Þá skal Fiskistofa hafa eftirlit með því að veiði á skeldýrum sé einungis stunduð á svæðum sem flokkuð hafa verið af Matvælastofnun og upp- lýsa Matvælastofnun um atriði sem varða veiði skeldýra á hverjum tíma, svo sem hvaða aðilar stunda veiðarnar, afla-

brögð og hvar skeldýranna er aflað. Landhelgisgæsla Íslands annast eftirlit með skeldýraræktarbúnaði á hafi úti.

¹⁾ L. 126/2011, 550. gr.

■ 5. gr. Svæðaskipting starfsemi.

□ Ráðherra er heimilt, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, að ákveða samkvæmt lögum þessum fyrirkomu- lag og skiptingu ræktunarsvæða meðfram ströndum landsins. Ráðherra getur falið Fiskistofu umsjón með skipulagi, gerð og vörslu gagnagrunns um svæðaskiptingu vegna ræktunar- svæða.

□ Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra m.a. afla umsagna Fiskistofu, [Hafrannsóknastofnunar],¹⁾ Landhelgisgæslu Íslands, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, [Samgöngustofu],²⁾ Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera fjórar vikur.

□ Ákvörðun ráðherra um svæðaskiptingu skal birt með aug- lýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

¹⁾ L. 157/2012, 26. gr. ²⁾ L. 59/2013, 39. gr.

■ 6. gr. Staðbundið bann við starfsemi o.fl.

□ Ráðherra getur takmarkað eða bannað skeldýrarækt eða ákveðnar aðferðir við slíka starfsemi í einstökum fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagn- vart þeirri starfsemi sem fer fram samkvæmt lögum þess- um. Sama gildir ef starfsemin truflar siglingar eða veld- ur siglingahættu. Áður en ákvörðun um slíkt bann er tekin skal ráðherra leita eftir afstöðu aðila sem starfrækja skel- dýrarækt á viðkomandi svæðum. Einnig skal ráðherra afla umsagna Fiskistofu, [Hafrannsóknastofnunar],¹⁾ Landhelgis- gæslu Íslands, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Ís- lands, Orkustofnunar, [Samgöngustofu],²⁾ Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera fjórar vikur.

¹⁾ L. 157/2012, 26. gr. ²⁾ L. 59/2013, 39. gr.

III. kafli. Leyfisveitingar o.fl.**■ 7. gr. Tilraunaleyfi.**

□ Matvælastofnun er heimilt að gefa út tímabundin tilrauna- leyfi til skeldýraræktar til þess að kanna hvort svæðið hentar til slíkrar ræktunar. Leyfi þetta veitir ekki heimild til dreif- ingar afurða til neyslu.

□ Áður en tilraunaleyfi er veitt skal Matvælastofnun afla umsagna Fiskistofu, [Hafrannsóknastofnunar],¹⁾ Landhelgis- gæslu Íslands, Orkustofnunar, [Samgöngustofu],²⁾ Umhverf- isstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar um hvort náttúru- legar aðstæður á fyrirhuguðu tilraunasvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á nei- kvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. Frestur umsagnaraðila til að skila um- sögnum skal að hámarki vera fjórar vikur.

□ Umsókn um tilraunaleyfi skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að skeldýraræktar- stöð, fagþekkingu umsækjenda um tilraunaleyfi á viðkom- andi sviði, stærð og umfang starfsemi og tegundir og eft- ir atvikum starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eða staðfesting Umhverfisstofnunar á að þess gerist ekki þörf. Ef áformað er að starfsemi samkvæmt umsókn umsækjanda fari fram innan netlaga eignarlands skal fylgja eignarheimild eða samningur við eiganda viðkomandi lands. Þá skal fylgja yfirlýsing bygginga- og/eða skipulags- fulltrúa sveitarfélags, [eða Skipulagsstofnunar sé um að ræða svæði utan netlaga],³⁾ um að mannvirki sem er áformað að

nota við skeldýrarækt séu í samræmi við skipulag. [Varði umsókn um leyfi strandsvæði samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða þar sem tillaga að strandsvæðisskipulagi hefur verið auglýst þegar umsókn er lögð fram er Matvælastofnun heimilt að fresta afgreiðslu á leyfisumsókn þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir svæðið. Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því.]³⁾

□ Veiti fyrirbyggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til þess að mat verði lagt á þá þætti sem um getur í 3. mgr. getur Matvælastofnun gert umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en tilraunaleyfi er veitt.

□ Tilraunaleyfi gildir að hámarki til þriggja ára í senn en heimilt er að endurnýja það samkvæmt umsókn leyfishafa um eitt ár í senn þannig að það gildi að hámarki í sex ár. Í leyfi skulu koma fram upplýsingar um staðsetningu, aðferðir við ræktun og þær tegundir sem leyfið gildir um. Leyfið gildir eingöngu um þær skelfisktegundir sem sótt er um leyfi fyrir og skal það vera bundið við afmörkuð svæði.

□ Einnig er heimilt að binda tilraunaleyfi skilyrðum um að leyfishafi merki ræktunarsvæði til öryggis fyrir sjófarendur, haldi skrár um fjölda lína, botnfestingar og framvindu ræktunartilraunar, framkvæmi tiltekna forkannanir varðandi staðarval og sýnatökur á framleiðslusvæði, efna- og örverurannsóknir, athugun á áhrifum veðurfaralegra þátta, mengun o.fl.

□ Leyfishafi skal skila Matvælastofnun skýrslu um ræktunina árlega auk þess að veita stofnuninni aðgang að gögnum um ræktunina.

□ Við útgáfu tilraunaleyfis getur Matvælastofnun krafist þess að leyfishafi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi.

□ Matvælastofnun er heimilt að veita tilraunaleyfishafa forgang að ræktunarleyfi á viðkomandi svæði að gildistíma loknum.

¹⁾ L. 157/2012, 26. gr. ²⁾ L. 59/2013, 39. gr. ³⁾ L. 88/2018, 18. gr.

■ 8. gr. Heilnæmiskönnun.

□ Áður en gefin eru út ræktunarleyfi skal leyfishafi eða umsækjandi láta framkvæma heilnæmiskönnun. Heilnæmiskönnun skal skipulögð og framkvæmd af Matvælastofnun í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi. Leyfishafi greiðir kostnað við heilnæmiskönnun en heimilt er ráðherra að ákveða að hann skuli greiddur úr ríkissjóði að hluta eða öllu leyti ef fjárheimildir fást til þess í fjárlögum.

□ Niðurstöður úr heilnæmiskönnun skulu liggja fyrir við útgáfu ræktunarleyfis.

■ 9. gr. Ræktunarleyfi.

□ Ræktun og veiðar skeldýra eru einungis heimilar á ræktunarsvæðum sem Matvælastofnun hefur viðurkennt á grundvelli heilnæmiskannana.

□ Hægt er að sækja um ræktunarleyfi þótt tilraunaleyfi hafi ekki áður verið veitt. Við útgáfu ræktunarleyfis getur Matvælastofnun krafist þess að leyfishafi setji tryggingu fyrir kostnaði við að fjarlægja mannvirki, línur og annan búnað að lokinni starfsemi.

□ Áður en ræktunarleyfi er veitt skal Matvælastofnun afla umsagna Fiskistofu, [Hafrannsóknastofnunar],¹⁾ Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, [Samgöngustofu],²⁾ Umhverfisstofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til

hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiahrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. Frestur umsagnaraðila til að skila umsögnum skal að hámarki vera fjórar vikur. Einnig skal leita umsagnar Landhelgisgæslu Íslands um hvort fyrirhugað ræktunarsvæði truflar siglingar eða veldur siglingahættu. Jafnframt hefur Matvælastofnun heimild, að fenginni umsögn Fiskistofu, til að ákvarða stærð ræktunarsvæðis, hafi svæðaskipting ekki verið ákveðin, sbr. 5. gr. Matvælastofnun skal hafa að leiðarljósi reynslu tilraunaleyfishafa á tilraunaleyfissvæðinu þegar ræktunarleyfi er veitt á viðkomandi svæði að loknum gildistíma tilraunaleyfisins.

□ Umsókn um ræktunarleyfi skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að skeldýraræktarstöð, fagþekkingu umsækjenda um ræktunarleyfi á viðkomandi sviði, stærð og umfang starfsemi, framleiðslumagn og tegundir og áætlun um fyrirhugaða vöktun á ræktunarsvæðinu. Einnig skulu fylgja umsókn upplýsingar um merkingu ræktunarsvæðis til öryggis fyrir sjófarendur. Ef áformað er að starfsemi samkvæmt umsókn umsækjanda fari fram innan netlaga eignarlands skal fylgja eignarheimild eða samningur við eiganda viðkomandi lands. Þá skal fylgja umsókn yfirlýsing bygginga- og/eða skipulagsfulltrúa sveitarfélags, [eða Skipulagsstofnunar sé um að ræða svæði utan netlaga],³⁾ um að mannvirki sem er áformað að nota við skeldýrarækt séu í samræmi við skipulag. [Varði umsókn um leyfi strandsvæði samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða þar sem tillaga að strandsvæðisskipulagi hefur verið auglýst þegar umsókn er lögð fram er Matvælastofnun heimilt að fresta afgreiðslu á leyfisumsókn þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir svæðið. Frestunin skal þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því.]³⁾

□ Veiti fyrirbyggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til þess að mat verði lagt á þá þætti sem um getur í 4. mgr. getur Matvælastofnun gert umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en ræktunarleyfi er veitt. Þá getur Matvælastofnun takmarkað stærð og umfang ræktunarsvæðis frekar en fram kemur í umsókn þótt svæðaskipting hafi verið ákveðin skv. 5. gr., ef stofnunin telur tilefni til þess.

□ Telji Matvælastofnun að umsókn um ræktunarleyfi fullnægi skilyrðum laga þessara skal stofnunin gefa út ræktunarleyfi til tíu ára í senn.

□ Leyfishafi skal skila Matvælastofnun skýrslu um ræktunina árlega auk þess að veita stofnuninni aðgang að gögnum um ræktunina.

¹⁾ L. 157/2012, 26. gr. ²⁾ L. 59/2013, 39. gr. ³⁾ L. 88/2018, 18. gr.

■ 10. gr. Afturköllun.

□ Heimilt er að afturkalla tilraunaleyfi og ræktunarleyfi séu aðstæður að mati Matvælastofnunar óviðunandi vegna hættu á mengun eða vegna annarra ófyrirsjáanlegra aðstæðna.

□ Ef leyfishafi hefur ekki hafið starfsemi innan 24 mánaða frá útgáfu ræktunarleyfis er Matvælastofnun heimilt að fella ræktunarleyfi úr gildi. Sama gildir ef starfsemi leyfishafa stöðvast í 24 mánuði. Einnig getur Matvælastofnun afturkallað ræktunarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmælum eða gegn skilyrðum tilrauna- eða ræktunarleyfis eða skilyrði eru að öðru leyti ekki uppfyllt.

□ Þá er heimilt að svipta aðila tilrauna- eða ræktunarleyfum ef þeir afhenda Matvælastofnun ekki umbeðnar upplýsingar samkvæmt lögum þessum.

□ Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skal Matvælastofnun ávallt veita leyfishafa skriflega viðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta.

IV. kafli. Starfsemi.

■ 11. gr. Mannvirki og búnaður.

□ Mannvirki og búnaður sem nýtt eru í þágu skeldýraræktar skulu vera í samræmi við gildandi skipulag og ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda á hverjum tíma.

□ Leyfishafi skal merkja búnað og mannvirki og senda tilkynningar um starfsemina til Landhelgisgæslu Íslands, [Samgöngustofu],¹⁾ hafnaryfirvalda í viðkomandi sveitarfélögum og annarra stjórnvalda eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda á hverjum tíma. Landhelgisgæsla Íslands sendir út tilkynningu til sjófarenda um staðsetningu ræktunarsvæðis.

¹⁾ L. 59/2013, 39. gr.

■ 12. gr. Eftirlit.

□ Matvælastofnun skal hafa eftirlit með skeldýraræktarstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga þessara. Eftirlitið skal ná til starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í tilrauna- og ræktunarleyfi séu haldin.

■ 13. gr. Lok starfsemi.

□ Við lok starfsemi sem leyfi hefur verið veitt til samkvæmt lögum þessum, bæði tilraunaleyfi og ræktunarleyfi, er leyfishafa skylt að fjarlægja öll mannvirki og allan búnað sem hann hefur notað til starfsemi sinnar innan þriggja mánaða. Matvælastofnun getur þó veitt leyfishafa lengri frest ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Ef leyfishafi sinnir ekki þessari skyldu innan framangreindra tímamarka getur Matvælastofnun látið framkvæma verkið á hans kostnað. Tilkynna skal um lok starfsemi til Landhelgisgæslu Íslands sem kemur upplýsingum á framfæri með tilkynningum til sjófarenda.

■ 14. gr. Framleiðsla og dreifing.

□ Um framleiðslu og dreifingu skeldýra og eftirlit með heilbrigði skeldýra og heilnæmi afurða fer eftir ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi.

V. kafli. Gjaldtaka.

■ 15. gr. Gjaldskrá.

□ Fyrir leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu leyfishafar greiða gjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við störf Matvælastofnunar vegna veitingar leyfis og til að standa straum af kostnaðarpáttum við eftirlitið, svo sem:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna útgáfu leyfa og eftirlits,

b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhaldna, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar, svo og vegna vinnu og annars kostnaðar Fiskistofu við skipulag, gerð og vörslu gagnagrunns, sbr. 5. gr.,

c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

□ Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, þegar tiltekin starfsemi leyfishafa eða afurðir eru ekki taldar uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis skeldýra vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis- eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað við viðbótareftirlit ber leyfishafi. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að afurðir eða vara hafi þegar hlotið heilbrigðisvottun.

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd og inntak opinbers eftirlits og skal hann gefa út gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og eftirlit Matvælastofnunar að fengnum tillögum stofnunarinnar.

□ Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,

b. hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu,

c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,

d. þarfa fyrirtækja með aðsetur á svæðum sem líða fyrir tiltekna landfræðilegar takmarkanir.

□ Ráðherra skal afla umsagna hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár Matvælastofnunar með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

□ Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar.

□ Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Matvælastofnun er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

■ 16. gr. Framsal.

□ Framsal, leiga og veðsetning á tilraunaleyfi og ræktunarleyfi til skeldýraræktar samkvæmt lögum þessum er óheimil.

VII. kafli. Reglugerðarheimild, viðurlög, o.fl.

■ 17. gr. Reglugerðarheimild.

□ Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga með reglugerð. Þar skal m.a. kveðið á um útgáfu tilrauna- og ræktunarleyfa, merkingar á búnaði og mannvirkjum, úttekt á mannvirkjum og búnaði, endurnýjun og viðhald þeirra og framkvæmd og umfang heilnæmiskannana. Einnig skal skilgreina í reglugerðinni tegundir skeldýra sem er heimilt að rækta, eftirlit með starfsemi skeldýraræktarstöðva og flutning skeldýra milli starfsstöðva eða svæða. Enn fremur hefur ráðherra heimild til að setja í reglugerð ákvæði um veiðar á villtum stofnum skeldýra til ræktunar. Við setningu reglugerða skal eftir því sem við á leitað umsagna Fiskistofu, [Hafrannsóknastofnunar],¹⁾ Landhelgisgæslu Íslands, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, samtaka hagsmunaaðila í skeldýrarækt, [Samgöngustofu],²⁾ Sambands íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar. Frestur umsagnaradila til að skila umsögnum skal að hámarki vara fjórar vikur.

¹⁾ L. 157/2012, 26. gr. ²⁾ L. 59/2013, 39. gr.

■ 18. gr. Viðurlög.

□ Brot gegn ákvæðum þessara laga og stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að tveimur árum.

□ Mál út af brotum skv. 1. mgr. skulu sæta meðferð samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

■ 19. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2011.